



Vestmannaeyjabær
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjabær heiðursgestir á menningarnótt 2023

Á fundi borgarráðs þann 6. október 2022 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að gera Vestmannaeyjabæ af heiðursgesti menningarnætur í Reykjavík 2023 í tilefni af 50 ára goslokaafmæli og langvarandi vinatengslum bæjarfélaganna.

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar en hátíðin er alltaf haldin fyrsta laugardag eftir 18. ágúst en þann dag 1786 fékk Reykjavíkurborg kaupstaðarréttindi.

Menningarnótt var haldin í fyrsta sinn árið 1996 og hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í viðburðahaldi í borginni þar sem listafólk, íbúar og rekstraraðilar fá tækifæri til að bjóða til veislu í miðborginni. Um árabil hefur tíðkast að bjóða völdum sveitarfélögum að vera heiðursgestur á Menningarnótt og er sannur heiður að bjóða Vestmannaeyjabæ sem heiðursgesti 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri